

KMIIF
Ársreikningur 2008

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Yfirlit um fjárfestingar	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur KMIIF er hluti af B-hluta ársreiknings Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. sem inniheldur ársreikning Verðbréfasjóða Kaupþings Banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings Banka og Fagfjárfestingsjóða Kaupþings Banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á árinu 2008 að fjárhæð 3.732 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok nam 17.544 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Fall viðskiptabankanna í byrjun október 2008 hafði veruleg áhrif á rekstur Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. sem og á einstaka sjóði í rekstri félagsins. Með setningu laga nr. 125/2008 (neyðarlögin) þann 6. október 2008 breyttust forsendur um mat á skuldabréfum útgefin af viðskiptabönkunum. Með setningu neyðarlaganna voru kröfur samkvæmt innlánnum gerð að forgangskröfum við gjaldþrot fjármálafyrirtækis á sama tíma og kröfum samkvæmt skuldabréfum var skipað aftar í röð kröfuhafa. Þetta hafði þau áhrif að skuldabréf útgefin af fjármálafyrirtækjum lækkuðu í verði.

Í árslok ríkti mikil óvissa með raunvirði margra fjármálagerna í sjóðum í rekstri Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. og voru óháðir aðilar fengnir til aðstoðar við að endurverðmeta virði þeirra. Við matið hefur ekki verið tekið tillit til atburða sem áttu sér stað eftir árslok 2008.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2009.

Í stjórn félagsins:

Birgir Örn Arnarson

Eiríkur Dór Jónsson

Sigurður Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Ómar Kaldal Ágústsson

Áritun óháðs endurskoðenda

Til eigenda hlutdeildarskrteina í KMIIF.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning KMIIF. Hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, efnahagi hans 31. desember 2008 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. mars 2009

KPMG hf.

Reynir Stefán Gylfason

Rekstrarreikningur 2008

	Skýr.	2008	2007
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur		23.575	8.258
Vaxtagjöld		(19.821)	(7.373)
Hreinar fjármunatekjur		3.754	885
Rekstrargjöld:			
Umsýslupóknun	5	116	86
Annar rekstarkostnaður		(94)	0
		<u>22</u>	<u>86</u>
Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini		<u>3.732</u>	<u>799</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Eignir:			
Verðbréf:			
Verðbréf með föstum tekjum		116.888	81.902
Verðbréf samtals	6	<u>116.888</u>	<u>81.902</u>
Handbært fé		17.032	6.471
		<u>17.032</u>	<u>6.471</u>
Samtals eignir		<u><u>133.920</u></u>	<u><u>88.373</u></u>
Skuldir:			
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		(1.473)	(7)
Aðrar skammtímaskuldir		0	(10)
Víkjandi skuldabréf		(114.903)	(80.549)
Skuldir samtals		<u>(116.376)</u>	<u>(80.566)</u>
Hrein eign samtals		<u><u>17.544</u></u>	<u><u>7.807</u></u>
Eigið fé:			
Hlutdeildarskírteini	8	<u>17.544</u>	<u>7.807</u>
Hrein eign		17.544	7.807
Fjöldi eininga		<u>9.637</u>	<u>5.611</u>
Gengi sjóðsbréfa í árslok		<u>1,82</u>	<u>1,39</u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini		<u>3.732</u>	<u>799</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini		<u>6.005</u>	<u>0</u>
		<u>6.005</u>	<u>0</u>
Hækkun á hreinni eign		9.737	799
Hrein eign í ársbyrjun		<u>7.807</u>	<u>7.008</u>
Hrein eign í árslok		<u><u>17.544</u></u>	<u><u>7.807</u></u>

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2008

KMIIF

	Markaðs- verð	% af eign
Íslensk skuldabréf		
Kaupþing banka hf., íbúðalán	116.888	100%
Heildarverðmæti fjárfestinga	116.888	100,0%
Víkjandi skuldabréf	(114.903)	(98,3%)
Aðrar eignir	17.032	14,6%
Aðrar skuldir	(1.473)	(1,3%)
Hrein eign samtals	<u>17.544</u>	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fagfjárfestisjóns Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. sem er dótturfélag Kaupþings banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

2. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2008. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

4. Arður

Arður er tekjufærður þegar krafa um hann myndast, það er þann dag sem arðurinn er til útborgunar. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi þar sem ekki er í gildi tvísköttunarsamningur milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

5. Umsýslubókun

Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. eignastýringarþókun sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins, laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu en auk þess greiðir sjóðurinn Arion hf. vörslubókun. Umsýslubókunin reiknast sem breytileg eignastýringarþókun og sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðsins, sem hér greinir:

	Eigna- stýringar- þókun	Vörslu- þókun
KMIIF	0,47%	0,03%

Til viðbótar framangreindri þókun greiðir sjóðurinn kostnað vegna endurskoðunar.

6. Fjárfestingar

a. Skuldabréf

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í árslok. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs er ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem m.a. er horft til forgangskrafna. Skuldabréf þar sem útgefandi er metinn rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í árslok.

Skýringar, frh.:

b. Hlutabréf

Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í árslok. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

c. Hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í árslok. Sjóðir sem lokaðir eru í árslok, eru færðir á endurmetnu innra virði miðað við niðurfærslu undirliggjandi eigna. Gengi sjóða sem áttu í viðkomandi sjóðum er uppfært til samræmis við það.

- d. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en á árinu 2008 eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningar sjóðanna eru færðir á markaðsverði. Samningarnir eru notaðir til að verja sjóðina gegn vaxta- og gengisáhættu vegna verðbréfa. Með afleiðusamningum sjóðanna er almennt stefnt að því að draga úr verð-, gengis- og vaxtaáhættu þeirra. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa.

e. Skattamál

Fagfjárfestastjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleg

8. Hlutdeildarskírteini

- a. Raunávöxtun fagfjárfestastjóðs Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. m.v. 31. desember 2008

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
KMIIF	(1,33%)	7,98%	10,76%

- b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti			Gengi		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006
KMIIF	17.544	7.807	7.008,00	1,82	1,39	1,25

9. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna og fjárfestingastefnu.

	Eign		Breyting	Fjárfestingarstefna	
	31.12.2008	31.12.2007		Lágmark	Hámark
KMIIF	%	%	%	%	%
Verðbréf, önnur en peninga- markaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfa- markaði	100	100	0	0	100

10. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Ríki, sveitarf. eða alþj.stofn.		Hlutdeildar- skírteini		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
KMIIF								
Verðbréf, önnur en peninga- markaðsskjöl skráð á skipu- legum verðbréfamarkaði					116.888	100%	116.888	100%
	0	0%	0	0%	116.888	100%	116.888	100%